

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur um opinber störf utan höfuðborgarsvæðisins.

1. Hversu mörg störf eru á vegum ráðuneytisins og stofnana þess utan höfuðborgarsvæðisins? Óskað er eftir sundurliðun eftir stofnunum og landshlutum.

Í töflunni hér á eftir má sjá sundurliðun á störfum utan höfuðborgarsvæðisins flokkað eftir stofnunum og landshlutum. Eftirtaldir ríkisaðilar eru ekki með starfsfólk utan höfuðborgarsvæðisins: umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, Úrvinnslusjóður, Skipulagsstofnun og Mannvirkjastofnun.

Fjöldi starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

A: Fjöldi starfa í árslok 2017. B: fjöldi tímabundinna starfa á árinu 2017.

		Norð-		Norð-		Suðurland	Suðurnes	Samtals	
		Vesturland	Vestfirðir	vesturland	austurland				
Umhverfisstofnun	A	2	2	0	11	2	4	0	21
	B	10	5	0	7	2	14	2	40
Veðurstofa Íslands	A	14	20	10	18	11	11	7	91
	B	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingvallahljóðgarður	A	0	0	0	0	0	36	0	36
	B	0	0	0	0	0	31	0	31
Vatnajökulshljóðgarður	A	0	0	0	3	2	7	0	12
	B	0	0	0	28	15	82	0	125
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	A	0	0	0	2	0	0	0	2
	B	0	0	0	2	0	0	0	2
Skógræktin	A	8	2	2	11	18	16	0	57
	B	2	0	0	6	9	3	0	20
Náttúrufræðistofnun Íslands	A	0	0	0	10	1	0	0	11
	B	0	0	0	0	1	0	0	1
Landgræðsla ríkisins	A	2	0	1	5	2	38	0	48
	B	1	0	0	1	0	5	0	7
Stofnun Vilhjálm Stefnssonar	A	0	0	0	9	0	0	0	9
	B	0	0	0	5	0	0	0	5
Landmælingar Íslands	A	25	0	0	0	0	0	0	25
	B	0	0	0	0	0	0	0	0
Íslenskar orkurannsóknir	A	0	0	0	7	0	0	0	7
	B	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals A		51	24	13	76	36	112	7	
Samtals B		13	5	0	49	27	135	2	

2. *Telur ráðherra að unnt sé að láta vinna fleiri störf á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess utan höfuðborgarsvæðisins?*

Af 15 stofnunum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru 11 með starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins, þar af sex með höfuðstöðvar sínar, eins og fram kemur í töflu í svari við 1. tölul. hér að framan. Margar þessara stofnana starfa eingöngu utan höfuðborgarsvæðisins, eðli verkefna þeirra samkvæmt. Það er því ljóst að aukist starfsumfang þeirra muni það kalla á fjölgun starfa utan höfuðborgarsvæðis. Sumar þessara stofnana hafa við auglýsingu starfs boðið upp á þann valmöguleika að því sé sinnt á ákveðnum eða öllum starfsstöðvum sínum. Má þar nefna að Umhverfisstofnun hefur haft þann háttinn á undanfarin ár að auglýsa mörg störf án sérstakrar staðsetningar og vissulega eru tækifæri í því fyrir aðrar stofnanir ráðuneytisins að fylgja því fordæmi.

3. *Hyggst ráðherra færa störf út á land á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess, sbr. markmið byggðaáætlunar og áform ríkisstjórnarinnar í samstarfssáttmála um að stefna skuli að því að auglýsa störf án staðsetningar?*

Ráðherra hyggst skoða málið heildstætt í samstarfi við stofnanir ráðuneytisins og beita sér fyrir því að þær starfi í samræmi við þau markmið sem fram koma í byggðaáætlun og samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar. Við framangreinda skoðun þarf að setja fram ákveðnar forsendur um skilgreiningu starfa sem auglýsa beri án staðsetningar.